

Mánudaginn 21. ágúst 1916.

Nr. 14/1916.

Jón Árnason
 gegn
 Sveini Björnssyni
 fyrir hönd
 Sigurðar Jónssonar.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði yfirréttarmálaflutningsmaður Sveinn Björnsson f. h. Sigurðar Jónssonar útvegsbónda á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, gegn Jóni Árnasyni frá Heimaskaga, nú til heimilis í Reykjavík, til greiðslu á skaðabótum fyrir rof á samningi um kaup á fiski, að upphæð 585 kr. 99 aur. En undir rekstri málsins fyrir bæjarþinginu stefndi sækjandi ennfremur kaupmanni Pétri J. Thorsteinsson í Reykjavík, og gerði þá kröfu á hendur honum til vara, ef Jón Árnason yrði sýknaður, að hann yrði dæmdur til að greiða nefndar skaðabætur, 585 kr. 99 a.

Lauk máli þessu svo fyrir bæjarþinginu 23. des. f. á. að málinu var vísað frá dómi að því er Pétur J. Thorsteinsson snerti, en Jón Árnason var dæmdur til að greiða Sveini Björnssyni f. h. Sigurðar Jónssonar 421 kr. 96 a. með 6% ársvöxtum frá 3. nóv. 1914 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Jón Árnason skotið til yfir dómsins með stefnu útgefinni 4. marz þ. á. og krafist þess, að verða sýknaður af kröfum stefnda Sig.

turðar Jónssonar og sér dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi eftir réttarins mati.

Af annari hálfu hefir Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður f. h. Sigurðar Jónssonar gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 29. maí þ. á. og hefir hann jafnframt áfrýjað bæjarþingsdóminum að því er snertir Pétur J. Thorsteinsson, og krefst hann þess að kröfur hans fyrir bæjarþinginu verði teknar til greina og honum dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi, eftir mati réttarins. Til vara krefst hann að hinu áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Að því er snertir málsskotið gegn Pétri J. Thorsteinsson hefir gagnáfrýjandi ekki fært neina ástæðu fyrir því að breyta beri hinum áfrýjaða dómi að því er snertir frávísun málsins frá undirréttinum, eða gert neina kröfu um að málinu verði vísað heim til dómsáleggingar að efni til að því er til hans tekur, og ber því samkvæmt kröfu stefnda P. J. Thorsteinsson, að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er hann snertir, og verður gagnáfrýjandi að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 20 kr.

Að því er aðalmálið snertir eru málsatvik eftir skýrslu stefnda Sigurðar Jónssonar þessi:

Haustið 1913 kom áfrýjandi á heimili hans og kvaðst vera að kaupa fisk fyrir Pétur J. Thorsteinsson, og falaði af honum fisk. Varð það úr að stefndi seldi honum nokkuð af svokölluðum Labradorfiski. Verðið var ákveðið 38 auro fyrir kíló, og skyldi borgun fara fram við afhendingu. Þegar stefndi

samkvæmt þessum samningi kom með fiskinn til Seyðisfjarðar, sagði áfrýjandi honum að búið væri að selja fiskinn aftur, og ætti Th. Imsland að veita honum móttöku fyrir hinn nýja kaupanda. Imsland þótti fiskurinn eigi nógu þur, og neitaði því að taka á móti honum, en engu að síður lét áfrýjandi veða fiskinn og gaf út vigtarviðurkenningu fyrir honum 13. okt. 1913, og var fiskurinn samkvæmt henni 5691½ kíló. Fiskinum var svo hlaðið inn í hús hjá Imsland.

Stefndi Sigurður Jónsson krafði áfrýjanda um verðið fyrir fiskinn, en hann færðist undan að borga. Símaði þá stefndi til Péturs J. Thorsteinsson og krafði hann um kaupverðið. Skiftust þeir á nokkrum símskeytum, en svo fór að P. J. Thorsteinsson neitaði að áfrýjandi hefði keypt fiskinn í sínu umboði og neitaði að borga hann.

Þegar komið var fram í desembermánuð og stefndi fékk enga borgun hjá áfrýjanda, fiskurinn lá undir skemdum og áfrýjandi hirti ekkert um hann, tók stefndi það ráð að selja fiskinn fyrir það verð, er hann þá gat fengið fyrir hann, en það var 31 eyrir kílóíð eða 7 aurum lægra hvert kíló, en áfrýjandi hefði selt fiskinn fyrir, og reyndist fiskurinn þá 76 kíló léttari, en hann var, er hann var seldur áfrýjanda. Samkvæmt þessu var söluverð fiskjarins í síðara skiftið

7 × 5615,5	kr. 393.08
38 × 76	— 28.88
	<u>Kr. 421.96 lægra en</u>

við fyrri söluna.

Pennan mismun að viðbættum 8 kr. 70 a. fyrir símskeyti og 150 kr. fyrir óþægindi, miska og láns-
traustsspjöll krefst stefndi að áfrýjandi verði dæmd-
ur til að greiða.

Áfrýjandi byggir sýknukröfu sína aðallega á því,
að hann sé ekki réttur sakaraðili, með því hann hafi
keypt fiskinn í umboði Péturs J. Thorsteinsson kaup-
manns og þessu til sönnunar hefir hann lagt fram
nokkur símskeyti, er sýna að um það hefir verið að
ræða, að hann keypti fisk þetta haust fyrir austan
fyrir nefndan kaupmann, en þessi símskeyti sanna
þó eigi, að áfrýjandi hafi haft umboð til að kaupa
hinn umrædda fisk eða að hann hafi verið umboðs-
maður nefnds Péturs J. Thorsteinsson til fiskkaupa
yfirleitt, og með því að áfrýjandi hefir eigi sannað
umboð sitt á annan hátt, verður hann að teljast rétt-
ur aðili í þessu máli, og sú staðhæfing áfrýjanda að
stefndi hafi samið um fiskkaupin beint við Pétur J.
Thorsteinsson verður heldur eigi talin á rökum
bygð.

Til vara hefir áfrýjandi krafist sýknunar af kröfu
stefnda um kr. 421.96 og af því að hann (stefndi)
hafi tekið fiskinn í heimildarleysi og selt hann öðrum
og af því að hafi ekkert tjón beðið, þaræð hann hafi
fengið jafn hátt verð fyrir fiskinn og upphaflega var
lofað, hann neitar því og að fiskurinn hafi nokkuð
léttst og loks mótmælir hann kröfu stefnda um endur-
gjald á símskeytakostnaði og 150 kr. skaðabótakröf-
unni, með því að þessar kröfur séu gersamlega ástæðu-
lausar og órökstuddar.

Sú sýknunarkrafa áfrýjanda að fiskurinn hafi

Óleyflega verið tekinn úr vörzlum áfrýjanda verður ekki tekin til greina, með því þetta er í beinni mót-sögn við það, sem áfrýjandi hefir annars haldið fram í málinu, að hann hafi ekki verið kaupandi fiskjar-ins heldur Pétur J. Thorsteinsson, er þá eftir stað-hæfingu áfrýjanda átti að hafa fiskinn í vörzlum sín-um, enda hefir áfrýjandi breytt þessari sýknunar-ástæðu þannig, að það hafi eiginlega verið úr vörzl-um Péturs J. Thorsteinsson, er fiskurinn var tekinn, en þá átti áfrýjandi ekki rétt á að fara með þá sök.

Það verður að álitast sannað í málinu að fiskurinn hafi verið seldur á 31 e. kílóíð og að það hafi verið hæfilegt verð fyrir fiskinn á þeim tíma.

Mótmæli áfrýjanda gegn því að fiskurinn hafi lést svo sem sagt er, verður heldur eigi tekin til greina, því eftir atvikum virðist ekki efi á því, að það hafi verið allur fiskurinn, sem seldur var í síðara skiftið.

Áfrýjandi hefir haldið því fram, að loforð hans um að greiða 38 aura fyrir kílóíð af fiskinum hafi verið því skilyrði bundið að hann fengi allan þann fisk, er stefndi hafði lofað honum, en sá fiskur, er stefndi hafi látið af hendi, hafi verið tæpur helming-ur af því, sem lofað var, en gegn neitun stefnda er engin sönnun færð fyrir þessari staðhæfingu, og verð-ur því að líta svo á, að fiskurinn hafi verið seldur á 38 aura kílóíð, eins og stefndi heldur fram.

Samkvæmt þessu verður að dæma áfrýjanda, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi, til að greiða stefnda verð fiskjarins, sem lofað var í fyrstu, að frádragnu verði því, er fiskurinn seldist síðar, eða 421

Kr. 96 aur. með 6% ársvöxtum frá 3. nóvbr. 1914 til borgunardags, en hins vegar virðist ekki næg ástæða til að dæma áfrýjanda til að greiða hinn umkrafaða símskeytakostnað, og svo er heldur eigi færð nægileg rök fyrir 150 kr. skaðabótakröfunni og ber því að sýkna áfrýjanda af þeim kröfum.

Þar sem yfirdómurinn felst á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum málsins virðist rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandi Jón Árnason, greiði stefnda Sveini Björnssyni fyrir hönd Sigurðar Jónssonar málskostnað fyrir yfirdómi með 30 kr.

Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður f. h. Sigurðar Jónssonar greiði stefnda Pétri J. Thorsteinsson í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.